

Kjarasamningur við SFS

14. nóvember 2016

Atriði:

• 1. Kauptrygging og kaupliðir:

Breyting kauptryggingar (afleiddir kaupliðir taka sömu breytingu) afleiddir kaupliðir	1. nóv. 2016	1. maí 2017	1. maí 2018	1.des. 2018
Háseti	288.168	301.136	310.170	326.780
Matsveinn, netamaður og bátsmaður	360.210	376.420	387.713	408.476
Yfirvélstjóri/vélavörður (1. maður í vél)	432.252	451.704	465.255	490.170
Vélstjóri/Vélavörður (2. maður í vél)	360.210	376.420	387.713	408.476
Yfirstýrimaður	432.252	451.704	465.255	490.170
2. stýrimaður	360.210	376.420	387.713	408.476
Skipstjóri	432.252	451.704	465.255	490.170
Aðstoðarmaður matsveins	328.334	343.109	353.402	353.402
Breyting annarra kaupliða	9,6%	4,5%	3,0%	

2. Mælingar skipa

- Samkvæmt gildandi kjarasamningi miðast skiptatöflur allra veiðigreina við stærð skipa í brúttórúmllestum.
- Hætt er að nota þessa mælieiningu við mælingu íslenskra skipa og eru skip eingöngu mæld í brúttótonnum.
- Þetta veldur því að erfitt getur reynst að finna rétt stærðarviðmið nýrra skipa eða skipa sem hefur verið breytt þar sem aðeins kemur þá fram brúttótonna tala skipsins í skipaskrá sem gefur í fæstum tilvikum rétt viðmið í brúttórúmllestum.
- Verði samningurinn samþykktur skuldbinda útgerðarmenn skipa sem samningurinn nær til sig til að kaupa brúttórúmllestamælingu fyrir þau skip sem ekki hafa þá mælingu fyrir.
- Þá mælingu á síðan að skrá í íslensku skipaskrána. Með þessu móti er komið í veg fyrir ágreining um hvaða skiptakjör skuli gilda á einstökum skipum.

3. Olíuverð á heimsmarkaði og skiptaverð:

Skiptaverð:					Gildandi viðmið:			Ný viðmið:		
Frosinn botnfiskur			Frosin Rækja		Heimsmarkaðsverð			Heimsmarkaðsverð		
Innan lands	fob	cif	fob	cif	frá	til		frá	til	
80%	77,0%	71,5%	74,0%	68,5%	Undir	143,00	\$ →	Undir	164,00	\$
79%	76,5%	71,0%	73,5%	68,0%	143,00	160,99	\$ →	164,00	184,99	\$
78%	76,0%	70,5%	73,0%	67,5%	161,00	178,99	\$ →	185,00	205,99	\$
77%	75,5%	70,0%	72,5%	67,0%	179,00	196,99	\$ →	206,00	226,99	\$
76%	75,0%	69,5%	72,0%	66,5%	197,00	214,99	\$ →	227,00	247,99	\$
75%	74,5%	69,0%	71,5%	66,0%	215,00	232,99	\$ →	248,00	268,99	\$
74%	74,0%	68,5%	71,0%	65,5%	233,00	250,99	\$ →	269,00	289,99	\$
73%	73,5%	68,0%	70,5%	65,0%	251,00	268,99	\$ →	290,00	310,99	\$
72%	73,0%	67,5%	70,0%	64,5%	269,00	286,99	\$ →	311,00	331,99	\$
71%	72,5%	67,0%	69,5%	64,0%	287,00	304,99	\$ →	332,00	352,99	\$
70%	72,0%	66,5%	69,0%	63,5%	305,00	\$ og yfir	→	353,00	\$ og yfir	

Gasolíuverð á heimsmarkaði janúar 2015 - nóv. 2016.



4. Frystitogarar:

- Gerð er breyting á skiptakjörum á frystitogurum þegar fjöldi í áhöfn fer umfram 27 menn (að aðstoðar matsveini frátöldum).
- Þetta breytir ekki skiptakjörum á frystitogurum þar sem almennt eru 25 – 26 menn í áhöfn þeirra skipa í dag.
- Hins vegar er að koma stærra og öflugra skip í flotann sem mun fullvinna afurðir meira en nú er gert. Á því skipi verða 32 til 36 menn í áhöfn og er breytingin gerð til að mæta þessari fjölgun í áhöfn umfram 27 menn.

5. Ný skip:

- Samkvæmt þessari grein fellur svokallað „nýsmíðaálag“ brott þann 1. desember 2030. Í framkvæmd 7 – 7.
- Sjómenn þurfa ekki að skila því til baka sem þeir fengu fyrir þetta ákvæði á sínum tíma þegar ákvæðið kom inn.
- Rétt er að geta þess að á móti þessu ákvæði fengu sjómenn m.a. aukinn orlofsrétt, 2% hækkun á mótframlagi útgerðar í lífeyrissjóð (samtrygginguna), þ.e. mótframlagið hækkaði úr 6% í 8%, og 2% mótframlag í séreignasjóð var reiknað af öllum launum, en var áður reiknað af kauptryggingu.
- Einnig er rétt að geta þess að til að ný skip geti nýtt þetta ákvæði þurfa þau að uppfylla ákveðin skilyrði sem tíunduð eru í gildandi kjarasamningi.
- Því hafa nokkur ný skip ekki getað nýtt þetta ákvæði þar sem þau uppfylltu ekki skilyrðin sem sett eru. En sem sagt þetta ákvæði fellur brott 1. desember árið 2030.

10 skip í flokki:

Viðmiðunarhlutur reiknast á eftir farandi hátt.

Safnið, 10 skip, er margfaldað með 0,75: $10 \times 0,75 = 7,5$

Sjö efstu skipin teljast að fullu í úrtaki og það áttunda efsta ($1 - 0,5 = 0,5$) að 50/100 hlutum.

Nr	a	b	a x b
1	1	16.112	16.111,50
2	1	14.010	14.010,00
3	1	12.979	12.978,90
4	1	11.293	11.293,00
5	1	11.286	11.286,00
6	1	9.820	9.820,00
7	1	8.571	8.570,95
8	0,5	7.453	3.726,50
Σ 1:8	7,5		87.796,85

Viðmiðunarhlutur =11.706

6. Hlífðarfatapeningar:

- Hlífðarfatapeningar hækka um 130% og verða 11.400 kr á mánuði á öllum skipum nema frystitogurunum, en á þeim skipum eru hlífðarfatapeningarnir 30% hærri og fara í 14.900 kr á mánuði. (Hlífðarfatapeningarnir voru 4.970 og 6.466 kr á mánuði).
- Skerpt er á ákvæðinu um að útgærðin geti séð skipverjum fyrir viðurkenndum hlífðarfatnaði (galla, stígvélum og vettlingum) í stað hlífðarfatapeninganna sem er þá eign útgærðarinnar en í umsjá skipverja.
- Hlífðarfatapeningar teljast til tekna og eru skattlagðir sem slíkir. Sjái útgærðin skipverjum fyrir hlífðarfatnaði sem er eign útgærðarinnar en í umsjá skipverja nýtast hlífðarfatapeningarnir betur þar sem ekki greiðist skattur af verðmæti hlífðarfatanna.

7. Orlof:

- Bætt er við orlofsgreinina ákvæði um að skipverji sem hefur áunnið sér aukinn orlofsrétt hjá einni útgerð öðlist réttinn aftur eftir 3 ár hjá nýjum vinnuveitanda, þ.e. hann þarf ekki að vera í 10 eð 15 ár aftur hjá nýjum vinnuveitanda til að öðlast réttinn aftur.
- (Þetta er sama ákvæði og gildir hjá landverkafólki).

8. Helgar- og hafnarfrí:

- Sett eru inn ákvæði um að á veiðum með línu á útilegu og á togskipum 39 m og styttri geti útgerð og áhöfn samið um að frí á föstudaginn langa og páskadag færist að sjómannadagshelginni. Semji áhöfn og útgerð um þetta verður frí um sjómannadag 5 sólarhringar í stað 3ja sólarhringa.

9. Sektarákvæðið:

- Lagfært er orðalag varðandi sektarákvæðið vegna brota á kjarasamningi. Í framkvæmd hefur ákvæðinu í flestum tilvikum verið beitt með þeim hætti sem nú er sagt í ákvæðinu.

10. Greiðsla kauptryggingar mánaðarlega:

- Samið er um að kauptryggingin verði greidd mánaðarlega, en samkvæmt gildandi ákvæði eiga skipverjar rétt á að fá kauptryggingu greidda vikulega.
- Ákvæðið heimilar skipverja að semja um annað fyrirkomulag en að kauptrygging verði greidd mánaðarlega.

11. Sérsmningar:

- Hér er verið að áréttta að ef í gildi er samningur milli útgerðar og áhafnar (sem er staðfestur af stéttarfélagi) verði nýjum mönnum gerð grein fyrir að þeir gangi inn í þann samning enda sé þeim kynntur hann.


12. Slysa- og veikindalaun:

- Um veikinda- og slysarétt sjómanna er fjallað í 36. grein sjómannalaga. Henni verður ekki breytt í kjarasamningi.
- Með ákvæðinu er verið að bregðast við Hæstaréttardómum sbr. Snorradómurinn. Í því máli var dæmt að skipverji, sem réri aðra hverja veiðiferð og var á 50% hlut þegar hann var á sjó og einnig í frítúrnum, ætti rétt á 50% hlut í tvo mánuði. Samkvæmt nýju ákvæði ætti viðkomandi rétt á 50% launum í allt að 4 mánuði þar sem frítúrarnir teljast ekki til veikindadaga.
- Hér er því verið að skerpa á að menn eigi hvorki að tapa né hagnast á veikindum sínum, þ.e. fá laun í samræmi við það sem þeir hefðu haft væru þeir ekki veikir.


13. Fiskverð – þorskur, ýsa og karfi:

- Samið er um það að fiskverð taki mið af markaðsverði og afurðaverði.
- Markmiðið er að verð á slægðum þorski verði 80% af meðalverði fiskmarkaðanna síðustu þrjá mánuði og mun verðið fylgja breytingu á markaðsverði og er þá stuðst við þriggja mánaða meðalverð á síðustu þremur mánuðum á fiskmörkuðunum frá þar síðust þremur mánuðum.
- Til viðbótar er síðan fylgst með afurðaverði og eru þar vegnar saman vísitölur afurðaverðs vegna landfrystingar, söltunar og ferskra afurða. Þetta er gert til að tryggja að ef verð á fiskmörkuðunum lækkar þó afurðaverð sé að hækka eða öfugt að þá sé hægt að grípa inn í og leiðrétta.
- Þetta á að tryggja að hráefnishlutfall í slægðum þorski sé sem næst 55% af afurðarverði.


Slægður og óslægður þorskur - kr/kg (mars 13 -júl. 16)




Slægður þorskur - vísitölur (mars 13 - júl. 16)



Slægður þorskur - vísitölur (mars 13 -júl. 16)



Fiskmarkaðsverð/Vegin vísit. afurðaverðs, jan. 2010 =100
Þorskur, slægður janúar 2010 - ágúst 2016



13. Fiskverð – uppsjávarfiskur.

- Varðandi uppsjávarfiskinn er skerpt á upplýsingagjöf frá fyrirtækjunum og hún samræmd þannig að hægt sé að bera verð einstakra fyrirtækja saman og grípa inn í ef verð hjá einhverju fyrirtæki vísar óeðlilega frá því sem er réttmætt.

14. Tímabundin breyting skiptaprósentu á uppsjávarskipum

- Fram fer athugun á mönnun og hvíldartíma á íslenka fiskiskipaflotanum. Lögð er áhersla á að setja mönnun á uppsjávarflotanum og á ísfisktogurunum í forgang.
- Á uppsjávarskipunum verður skiptaprósenta hækkuð ef fækkað er er niður í 8 menn og verður sú hækkun tímabundin þar til könnuninni er lokið. Þá verður samið að nýju á grundvelli könnunarinnar

16. Samningsforsendur

- Greinin um samningsforsendur er sú sama og gildir á almennum vinnumarkaði, þannig að breytist samningsforsendur á almennum markaði þannig að gera þurfi lagfæringar á samningnum koma þær breytingar einnig til sjómanna.

15. Gildistími samningsins:

- Verði samningurinn samþykktur gildir hann til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Samningurinn gildir frá og með 1. nóvember 2016.

Bókun 1:

- Bókun 1 fjallar um fæðispeninga sjómanna en í viðræðunum í sumar óskuðu samningsaðilar eftir því við fjármálaráðherra að fæðispeningar sjómanna á fiskiskipum teldust ekki til skattskyldra launa þar sem þeir greiða fæði sitt sjálfir. Fjármálaráðherra lýsti þá yfir vilja til að koma að hluta til móts við óskir samningsaðila. Málið komst hins vegar ekki á dagskrá Alþingis þar sem samningurinn var felldur.
- Vonast er til að málið verði nú afgreitt frá Alþingi fyrir áramót, en ráðuneytið metur það svo að ef sjómenn á fiskiskipum fá að lækka tekjuskattstofninn um 500 kr á lögskráningardag verði tekjuáhrif hins opinbera um hálfur milljarður af þeirri aðgerð. Það er sú tala sem stjórnvöld voru tilbúin til að leggja í þennan lið náist um það samstaða á Alþingi. Þessi aðgerð stjórnvalda tekur gildi um næstu áramót verði samningurinn samþykktur og Alþingi samþykkir breytinguna.

Bókun 2:

- Í kjaraviðræðunum var mikið rætt um fækkun um borð í skipunum undanfarið og þá sérstaklega um borð í uppsjávarveiðiskipunum og fyrirhugaðar fækkanir í áhöfnum ísfisktogara.
- Til að mæta kröfu samtaka sjómanna um að setja botn í fækkunina var ákveðið að fá Samgöngustofu til að gera athugun á mönnun og hvíldartíma sjómanna.
- Byrjað verður á að skoða mönnun og hvíldartíma á uppsjávarveiðiskipum og ísfisktogurum og síðar á öðrum fiskiskipum.
- Samgöngustofa mun væntanlega stýra þessu verki og verður þetta gert í samstarfi við samningsaðila. Þegar þessi úttekt liggur fyrir eru samningsaðilar með efni í höndunum til að ræða mönnun þessara skipa út frá staðreyndum sem hlýtur að vera mikils virði.

Bókun 3:

- Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði kjarasamningar yfirfarnir í heild sinni. Orðalag einstakra greina færð til nútímans, greinar felldar brott ef ástæða er til og greinum bætt inn ef þörf er á til að endurspegla betur þróun og breytt vinnubrögð útgerðar fiskiskipa og starfa fiskimanna.
-
- Eftirfarandi verkefni skulu unnin á samningstímanum og miðað er við að þeim verði lokið eins og segir við hvern lið:
- Stefnt skuli að því að færa stærðarviðmiðanir fiskiskipa úr brúttórúmllestum í brúttótonn eða lengd í metrum - fyrir lok árs 2017.
- Skoða kafla einstakra veiðigreina, þeir felldir brott eða sameinaðir öðrum veiðigreinum ef samkomulag næst um það - fyrir lok árs 2017.
- Skoða hver verður þróunin á frystiskipum og hvernig rekstrargrundvöllur þeirra verður til framtíðar litið, en mikilvægt er að farið sé í vinnu við að greina framtíðarhorfur og möguleika þessa skipaflokks.
- Ræða skal rekstrarumhverfi sjávarútvegs og framtíðarhorfur í alþjóðlegri samkeppni.

Bóku 3 – frh.

- Skoða framtíðargreiðsluhlutfall í lífeyrissjóði - fyrir lok samningstíma
- Skoða þátttöku sjómanna í greiðslu iðgjalda slysatrygginga - fyrir lok samningstíma.
- Kanna fyrirkomulag hafnar- og helgarfría með hliðsjón af þróun útgerðarháttanna - fyrir lok samningstíma.
- **Skoða skal hvernig fjarskiptamál eru um borð í skipum sem sigla út fyrir dreifikerfi fjarskiptafyrirtækja, en tryggja verður að rekstur skips og öryggi þess og áhafnar sé alltaf í forgangi vegna notkunar fjarskiptabúnaðar.**
- Önnur atriði sem aðilar verða sammála um að skoða.
- Starfshópur aðila skal vinna að framkvæmd bókarinnar. Starfshópurinn skal skipaður þremur frá SFS, þremur tilnefndum sameiginlega af FFSÍ, SSÍ, VM og VerkVest. Starfshópurinn skal halda utan um verkefnið í samráði við ríkissáttasemjara. Hann skal skipaður um leið og kjarasamningur þessi tekur gildi. Starfshópurinn getur óskað sameiginlega eftir aðkomu sérfræðinga eða annarra aðila sem hafa þekkingu á viðkomandi sviðum.
-
- Starfshópurinn skal hefja störf frá gildistöku kjarasamnings þessa og miða við að hafa lokið störfum sínum innan sex mánaða fyrir lok samningstíma þessa kjarasamnings.